

STÍKLUR

um alþjóðamál

WWW.STIKLUR.IS • 2. MARS 2005 • 2. ÁRG. • WWW.UTANRIKISRADUNEYTI.D.IS

Stjórnvöld styrkja stöðu innlends sérfræðings hjá ÖSE í Bosníu og Hersegóvínu

Íslensk stjórnvöld tilkynntu nýlega um endurnýjun á fjárframlagi stjórnvalda til að styrkja baráttu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) gegn mansali og kynlífsþrælkun á Balkanskaga. Er þetta málaflókkur sem stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á á vettvangi ÖSE en varlega er áætlað að þúsundir kvenna og stúlkubarna hafi verið þvingaðar til vændis og kynlífsþrælkunar á Balkanskaga á undanfönum árum.

Í ljósi þeirrar áherslu sem Íslensk stjórnvöld leggja á þennan mikilvæga málaflókk hefur Bosníunefndin ákveðið að veita 2 milljónum króna til eflingar starfsemi ÖSE gegn mansali og kynlífsþrælkun kvenna og stúlkubarna í Bosníu og Hersegóvínu.

Fjárframlag íslenskra stjórnvalda mun kosta áframhaldandi stöðu innlends sérfræðings hjá sendinefnd ÖSE í Bosníu og Hersegóvínu til eins árs. Staða sérfræðingsins hefur verið fjármögnuð með fjárframlagi frá íslenskum stjórnvöldum frá því í júní 2003. Í starfi sérfræðingsins er sérstök áhersla lögð á að auka fræðslu og efla vitund almennings um mansal og ofbeldi gegn konum og börnum í Bosníu. Ennfremur sinnir sérfræðingurinn námskeiðahaldi, samskiptum við frjáls félagasamtök á þessu sviði, skipulagningu aðstoðar við fórnarlömb mansals auk ráðgjafar varðandi landsáætlun stjórnvalda í Bosníu og Hersegóvínu gegn mansali. Þá mun sérfræðingurinn veita ráðgjöf við skipulagningu sérstakrar neyðarsímalínu fyrir fórnarlömb mansals í landinu.

Áhyggjur af því að tillögur um breytingar á öryggisráðinu hindri eðlilega þátttöku smærri ríkja í störfum ráðsins

Á óformlegum fundi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var miðvikudaginn 23. febrúar s.l. gerði Hjálmar W. Hannesson, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, grein fyrir afstöðu Íslands til tillagna um endurskipulagningu Sameinuðu þjóðanna.

Fjöldmörg aðildarríki S.þ. tóku til máls á fundinum þar sem skýrsla vinnuhóps valinkunnra manna um ógnir við öryggi heimsins voru ræddar en fundurinn var liður í undirbúningi fyrir leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna sem haldinn verður í New York í september n.k.

Fastafulltrúi Íslands benti á mikilvægi þess að í tillögunum hefði verið sett fram sú skoðun að lýðræði, mannréttindi, heilbriggt stjórnarfar og þróun

væri grundvöllur öryggis í heiminum og að ef ekki væri lögð áhersla á þessa þætti yrði öryggi ábótavant. Þetta hafi öðlast almenna viðurkenningu hjá aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og vonandi yrði það, ásamt ítarlegri skilgreiningu á hryðjuverkum, hornsteinn öryggis í framtíðinni.

Þá kom fram að Ísland tekur undir tillögur um að stofnuð verði sérstök friðarnefnd og sagði fastafulltrúinn að nú gæfist mikilvægt tækifæri til að fjölga ríkjum í öryggisráðinu með það að markmiði að gera það skilvirkara. Í því sambandi hafi Ísland áður lagt til að tiltekin ríki fengju fast sæti í ráðinu. Þar af leiðandi gæti Ísland ekki fallist á aðra af tveimur tillögum sem vinnuhópur valinkunnra manna setti fram í skýrslu sinni. Ennfremur væri það áhyggjuefni að hvorug tillagnanna virtist gefa smærri ríkjum kost á eðlilegri þátttöku í störfum öryggisráðsins.

Ávarp fastafulltrúa Íslands hjá S.þ. má nálgast á heimasíðu utanríkisráðuneytisins: www.utanrikisraduneytid.is.

Lennart Båge frá Svíþjóð endurkjörinn forstjóri Alþjóðasjóðs um þróun landbúnaðar (IFAD) í Róm

Nýverið lauk í Róm árlegum ráðsfundi IFAD þar sem Lennart Båge var kosinn forseti sjóðsins til næstu fjögurra ára. Sjóðurinn er ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna og lánar m.a. til sjávarútvegsverkefna.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa voru á ráðsfundinum pallborðs- og hringborðsumræður um ýmis þróunarmál. Þá var Lennart Båge frá Svíþjóð endurkjörinn forstjóri sjóðsins en auk hans var í framboði Jannes Hutagalung frá Indónesíu.

Ísland gerðist aðili að IFAD árið 2001. Náð og reglulegt samráð er á milli Norðurlandanna á vettvangi sjóðsins og skiptast þau á um að leiða samráðið, í eitt ár í senn. Sjóðurinn, sem starfar í tengslum við Matvæla- og landbúnaðarstofnun S.þ. (FAO) og Matvælaáætlun S.þ. (WFP), hefur þá sérstöðu samanborið við aðrar alþjóðafjármálastofnanir að hann lánar eingöngu til verkefna í einum málaflókki þ.e. til landbúnaðarverkefna en fyrir Ísland er mikilvægt að hafa í huga að sjávarútvegsverkefni falla undir starfssvið sjóðsins.

Sjóðurinn er lítil mælikvarða alþjóðastofnana, en um leið sveigjanlegur og þekktur fyrir nýsköpun í verkefnavali. Samvinna er á mörgum sviðum við FAO og WFP en einnig er unnið með öðrum sérstofnunum S.þ. Að lokum má þess geta að IFAD þykir beita vönduðum vinnubrögðum og kemur sjóðurinn vel út í samanburði við aðrar þróunarstofnanir.